

Reglugjörð

um breytingar á reglugjörð fyrir Suðurmúlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m. fl.

Amtsráðið í Austuramtinu gjörir kunnugt:

Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda og lögum 24. nóvember 1903 um breytingar á fyrnefndum lögum er hjermeð staðfest og löggilt eftirfylgjandi

REGLUGJÖRÐ

um breytingar á reglugjörð fyrir Suðurmúlasýslu um refaveiðar, notkun afrjetta, fjallskil m. fl. frá 1. jan. 1893.

II. Um fjármörk.

8. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark glögg á fje sínu og brennimark eða önnur jafnglögg einkenni, ef mark verður óglögg.

Sama eyrnamark skal á hestum hafa, ef markaðir eru. Enginn má hafa fleiri en 2 eyrnamörk. Hver hreppur skal eyrnamark hafa og brennimark samkvæmt sýslufundarsamþykkt 1901, 27. gr. Þau eru:

Fyrir Geithellahrepp	S 10
— Beruneshrepp	S 9
— Breiðdalshrepp	S 8
— Skriðdalshrepp	S 1
— Vallahrepp	S 2
— Eiðahrepp	S 3
— Mjóafjarðahrepp	S 4
— Norðfjarðahrepp	S 5
— Reyðarfjarðahrepp	S 6
— Fáskrúðsfjarðahrepp	S 7

V. Um skyldur búanda við fjallgöngur.

21. gr.

Skyldur er hreppsúi hver, sem er sjálfum sjer ráðandi og undir hendi

hefir 10 kindur eða fleiri, sem á fjalli ganga, að leggja mann eða menn í allar fjallgöngur, sem hreppsnefnd ákveður. 109
23. ág.

Skyldur er hver að hreinsa heimaland sitt. Hreppsnefnd hver skal sem mest fara eftir fjárhæð búanda, er hún ákveður leitarmenn og tölu þeirra frá heimili hverju. Þar skal hver ganga, sem hreppsnefnd ákveður.

23. gr.

Nú hefir búandi engan göngufæran mann eða ekki nógu marga, og skal hann þá fá annan mann (menn) fyrir sig.

VIII. Um rekstra.

35. gr.

Utansveitarfje það, sem fyrir kemur í sveitarrjettum og enginn er til að taka á móti, skal dregið í rekstra eftir því, sem það á samleið til og rekið hrepp úr hreppi, beinustu leið til eigenda. Hreppsþúar hvers hrepps annast rekstur um sinn hrepp og til næsta bæjar í næsta hreppi, sem rekstur á leið um, ef innan sýslu er. Um rekstra í aðrar sýsiur fer eftir venju í hreppum þeim, er að sýslutakmörkum liggja eða samkomulagi hreppsnefnda þar.

36. gr.

Hreppsnefnd hver ákveður rekstrarleið um sinn hrepp og til grannhreppa, en þeir, sem við rekstrum taka hjá haustrjettum, skulu að öllu með þá fara, sem rjettarstjóri mælir fyrir.

Hann skal láta sedla um mark og markeigendur fylgja þeim kindum, er mark þeirra er ekki í markaskrá sýslunnar, ef honum er það kunnugt af markasedlum eða öðrum marklýsingum. Rekstrarskyldir eru þeir allir, sem jörð hafa til ábúðar, eins tómthúsmenn sem grasnyt hafa og einhverja gripi, þótt ekki sjeu þeir gangnaskyldir.

37. gr.

Fje skal að jafnaði í gæzlu komið um veturnætur, og eftir þann tíma skulu búendur sem mest forðast að láta annara fje vera saman við sitt fje, heldur skilja það frá og reka til næstu bæja áleiðis til eiganda, sem og vafafje áleiðis til oddvita.

Hafa búendur allar sömu skyldur við slíka rekstra sem lögregkra. Sýni einstakir fjáreigendur sjerlega vanhírðu í því að halda fjenaði sínum í heima-högum eftir veturnætur, en láti hann renna út um sveit öðrum til erfðisauka og tafar, skulu þeir sektum sæta. Eins skal það sektum varða fyrir eigendur,

109 eptir málavöxtum, ef óskeyttir hrútar eru látnir úti ganga milli Marteinsmessu 23. ágúst og sumarmála.

38. gr.

Rekstrar skulu tafarlaust reknir bæ frá bæ, en kannaðir á hverjum af húsráðanda eða öðrum í hans stað, ásamt fylgiseðlum, og fje það úrtekið, sem ekki á samleið lengra, eða rangrekið kann að vera og því snúið í rjettar áttir. Nú er enginn rekstrarfær maður heima þar sem við rekstri skal taka, og rekur þá sá, er með rekstur kom, áfram til næsta rekstrarfærs manns eptir að hafa kannað rekstur svo sem áður segir, en heimtar endurgjald af hreppsnefnd sinni og hún aptur af búanda þeim, er reka átti. Eina kind er óskýlt að reka, en varðveita skal hana með heimaþfenadi og gjöra eiganda advart við fyrsta tækifæri eða koma henni í rekstur, sem fara kann í rjetta átt.

41. gr.

Nú kemur fram utansveitarfje eptir göngur, og skal finnandi tafarlaust segja til þess oddvita hreppsnefndar, sem ráðstafar því eptir málavöxtum.

Fyrir óheimt fje sem á afrjettum finnst eptir löggöngur, geta finnendur krafizt fundarlauna. Þau skal hreppsnefnd ákveða, ef finnandi og eigandi verða eigi ásáttir eða ef eigandi er fjarlægur, og skal hún þá greiða þau til bráðabirgða, en telja með fyrirhafnarkostnað á kindunum og má selja kindurnar til lúkningar því þegar, ef eigandi vill eigi greiða.

Fundarlaun skulu eptir atvikum vera $\frac{1}{8}$ — $\frac{1}{8}$ af verði hinna fundnu kinda eptir mati hreppsnefndar.

42. gr.

Þegar áfelli dettur á svo hýsa þarf og gefa utansveitarfje meðan á löggöngum stendur, þá skal þar hirða sem það er statt, nema hreppsnefnd hafi öðru vísi fyrir mælt.

Allan kostnað við utansveitarfje eptir löggöngur, svo sem hey, hirðingu, rekstur hreppa á milli og fundarlaun, skal borga af sveitarsjóði þess hrepps, sem fjed er statt í, gegn endurgjaldi úr sveitarsjóði þess hrepps, er fjed á heima í, eptir sanngjörnum reikningi, en sveitarsjóður þar á aptur aðgang að fjäreigendum. Eins skal fara með hjúkrunarkostnað fjár, meðan á löggöngum stendur.

IX. Um óskilafje.

46 gr.

Ef eigi spyrjast upp eigendur að óskilafje fyrir Marteinsmessu (11. nóv.),

skal hreppstjóri selja það með reglulegu uppboði, eptir fyrirmælum hreppsnefndar.

Komi eigandi fram fyrir næstu fardaga og sanni eignarrjett sinn á seldum óskilakindum, skal honum skilað andvirðinu að frádregnum kostnaði, ella rennur það í sveitarsjóð. Annað úrsveitissje, sem ekki er í vafa, getur hreppsnefnd látið selja þegar Marteinsmessu líður, ef eigendur eru mjög fjarri eða torsoðtt rekstrarleið og annars má ætla, að sæmileg boð fáiist í fjeð. Skal hreppsnefnd að öðru jöfnu heldur taka þann kost, en láta slíkar kindur vera á flækingi eða með útigönguhjörðum, einkum ef lömb eru. Um sölu þess fjár skal eigendum gjört aðvart við fyrsta tækifæri og þeim sent andvirðið að frádregnum kostnaði.

47. gr.

Mörk og einkenni á óskilafje því, sem selt var í hreppnum, skal oddviti auglýsa í útbreiddu blaði fyrir janúarmánaðarlok ár hvert, fyrir borgun úr sýslusjóði. Sektum varðar dráttur á þessu.

— — — — —

Ur gildi ern felldar:

8., 21., 23., 35., 36., 37., 38., 41., 42., 46. og 47. gr. gildandi fjallskilareglugjörðar Suðurmúlasýslu frá 1. jan. 1893 og koma framanskráðar greinar í þeirra stað og öðlast þær gildi 1. janúar 1905.

Amtsráð Austuramtsins, Akureyri 23. ágúst 1904.

Páll Briem.

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 23.—24. júní 1904.

Ár 1904, 23. dag. júním., var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmani Júlíus Havsteen ásamt með amtsráðsmönnum, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni í Kirkjubæjarklaustri (úr Vesturskaptafellssýslu), sjera Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangárvallasýslu), prófasti síra Valdimar Briem á Stóra Núpi (úr Árnessýslu), útvegsbónda Ágúst Jónssyni í Höskuldarkoti (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og prófasti sjera Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).